

FUNDARGERÐ

246. stjórnarfundur Ríkisútværpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 28. september og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Jón Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir, Mörður Áslaugarson og Þráinn Óskarsson. Sigurður Helgi Birgisson sat fundinn í fjarveru Ingvars Smára Birgisonar og Nanna Kristín Tryggvadóttir sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útværpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri sjónvarps og Hilmar Björnsson íþróttastjóri.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 244. og 245. stjórnarfundar voru samþykktar.

2. Fjármál

a. Yfirlit yfir ágústmánuð

Framkvæmdastjóri fjármála kynntiafkomu RÚV í ágúst síðastliðnum. Afkoman í ágúst var 20 m.kr. verri en áætlað hafði verið vegna mun hærri fjármagnsliða en gert hafði verið ráð fyrir, þrátt fyrir góðan árangur í auglýsingasölu. Helsta ástæðan sé aukin verðbólga og gengistap. Eftir fyrstu átta mánuði ársins sé rekstur félagsins jákvæður en sé hins vegar töluvert undir áætlun vegna áhrifa verðbólgu.

b. Minnisblað um gengisvarnir

Þá var lagt fram minnisblað um gengisvarnir að beiðni stjórnar. Í minnisblaðinu var farið yfir eðli gengisvarna og helstu áhættur sem RÚV standi frammi fyrir vegna erlendra skuldbindinga í sýningarréttum. Minnisblaðið var lagt fram til kynningar en frekari ákvarðanir voru ekki teknar á fundinum.

3. Minnisblað útværpsstjóra

Ný stefna RÚV til ársins 2026 hafi verið kynnt 22. september sl. á útværpsþingi í Stúdíó A og allt hafi gengið að óskum.

Vel heppnaður norrænn útværpstjórafundur hafi verið haldinn í Helsinki á dögumnum. Öflugt og virkt samstarf á mörgum sviðum sem miði að því að efla almannaþjónustu á Norðurlöndunum. Áhersla fundarins hafi verið lögð á framleiðslu og þróun á efni, fréttir, tækni- og öryggismál og endurnýjun samstarfs á sviði mannaúðsmála.

4. Aðgerðaáætlun vegna nýrrar stefnu – stutt kynning

Farið var yfir fyrirkomulag innleiðingu nýrrar stefnu og fyrstu drög aðgerðaráætlun nýrrar stefnu var kynnt.

5. Kynning frá dagskrásviði sjónvarps

Skarphéðinn Guðmundsson dagskrárstjóri sjónvarps og Hilmar Björnsson íþróttastjóri kynntu starfsemi dagskrásviðs sjónvarps.

6. Önnur mál

a. Kosning í endurskoðunarnefnd

Ákveðið var að fresta kosningu til næsta stjórnarfundar.

Stjórnarmaður lagði til að eftirfarandi yrði rætt á vettvangi stjórnar á næstu misserum, sem var samþykkt:

- Útvarpsgjaldið og þróun þess og framtíð
- Gullkistan – framtíðarskipan yfirfærslu safnaefnis
- Framtíð auglýsinga á RÚV og málefni RÚV sölu
- LSR lánið

Fundi slitið.

Silja Gunnarsdóttir
Hære Þórssen
DÁR
Hudnálv. Hallhálsi
fráin Óslórenn.
Í Tarzr Þ. Tryggvass.
Sigrún Þ. Þorisson
MSD